



Rýmingaráætlun Breiðholtsskóla

Í Breiðholtsskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi, útiljós og neyðarlýsing. Auk flóttaleiða út um neyðarglugga eru flóttaleiðir eftir göngum tvær eða fleiri. **Í hverri stofu** skólans við útgöngudyr er lýsing á fyrstu viðbrögðum. Mappa með aðstandendalistum er á skrifstofu skólans.

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Skólastjóri, skrifstofustjóri eða umsjónarmaður fasteignar fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboðið kemur. Ef um falskt boð er að ræða tilkynnist það strax í allar stofur.
2. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum reglum sem eru að finna í hverri kennslustofu. Muna eftir skóhlífum.
3. Skólastjóri eða umsjónarmaður fasteignar hafa samband við slökkvilið í síma **112**, tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Skrifstofustjóri tekur með sér möppur með nafnalistum nemenda og starfsmanna ásamt forfallaskrá, viðveruspjöldum, sjúkrakassa, flautu, neonvesti og gjallarhorni.
4. Starfsfólk aðstoðar við að rýma skólann, fer á söfnunarsvæðið og myndar keðju fyrir framan nemendur. Aðstoðarskólastjóri/deildastjóri kannar viðveru nemenda og starfsmanna.
5. Þegar komið er á söfnunarsvæðið/battavöll við íþróttahús hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. Yngstu nemendur fara í röð næst Arnarbakka og svo koll af kolli. Snúa fram að íþróttahúsi. Kennarar fá nafnalista og viðveruspjald, fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út. Kennari stendur fremst í röð árgangsins og sýnir grænt spjald ef allir eru mættir annars rautt spjald.
6. Aðstoðarskólastjóri/deildarstjórar fara á milli hópa og fá upplýsingar um þá nemendur sem vantar og kannar hvar þeir sáust síðast.
7. Slökkvilið/björgunarsveit kemur á staðinn, aðstoðarskólastjóri gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra. Umsjónarmaður skólans og skólastjóri veita upplýsingar um staðhætti.
8. Farið er með nemendur og starfsfólk af svæðinu í íþróttahús skólans eða Breiðholtskirkju.

Sá aðili sem síðastur fer út úr hverju rými skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.



Rýmingaræfingar

Öryggisnefnd skólans skipuleggur að minnsta kosti tvær rýmingaræfingar á hverju skólaári. Fyrsta æfingin er ávallt undirbúin þar sem starfsfólk og nemendur skólans vita fyrirfram af æfingunni. Aðrar æfingar eru innan ákveðins dags en tímasetningar óljósar.

Undirbúningur rýmingaráætlunar

- Að hausti þarf að sjá til þess að rauð / græn spjöld og listar yfir nemendahópa séu í öllum skólastofum.
- Mikilvægt er að umsjónarkennarar fari út með nemendur til að æfa útgönguna og sýni þeim söfnunarsvæðið.
- Umsjónarkennarar þurfa að fara yfir það með nemendum að þeir eigi að fylgja smiðjukennurum allan tímann ef þeir eru í smiðjum þegar rýming á sér stað.
- Húsvörður þarf að fara yfir hlutverk skólaliða við rýmingu skólans.
- Ef hreyfihamlaðir nemendur eru í skólanum þarf að gæta þess að fara yfir útgönguleiðir þeirra með þeim og stuðningsfulltrúum þeirra.
- Skrifstofustjóri skólans þarf að taka með sér möppu með lista yfir alla starfsmenn og nemendur skólans á söfnunarsvæðið.

Rýming skólans

- Þegar brunabjallan hringir fara nemendur í röð. Kennari gengur úr skugga um að allir nemendur séu í röðinni.
- Þegar stofan er yfirgefin er æskilegt að kennari sé fremstur, nemendur í röð á eftir honum og aftast sé ábyrgur nemandi sem hefur það hlutverk að láta kennara vita ef einhver fer úr röðinni.
- Sá sem fer síðastur út úr stofu þarf að slökkva ljósinn og læsa hurð.
- Smiðjukennarar bera ábyrgð á þeim hópi sem þeir eru að kenna og halda utan um hann. Það sama á við um faggreinakennara á mið- og unglingastigi.
- Muna að taka græn / rauð spjöld út með sér ásamt nemendalistum.

Söfnunarsvæði

- Söfnunarsvæðið er á gervigrasvellinum. Bekkir skulu fara í röð þannig að 1. bekkur sé næst bílastæðum og 10. bekkur næst leikvelli yngstu barna.
- Þegar kennarar hafa raðað nemendum upp og gengið úr skugga um að allir séu mættir þá lyfta þeir græna spjaldinu hátt til að sýna að allt sé í lagi og rauða spjaldinu ef aðstoðar sé þörf.

Í lok æfingar

- Skólastjóri mun flauta æfinguna af þegar honum virðist að allir séu komnir öruggir á sitt svæði (græn spjöld á lofti).

